



VEFRIT FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTISINS

30. janúar 2014

Skattabreytingar á haustþingi

Á haustþingi voru lögð fram fjölmörg frumvörp sem sneru að skattamálum og urðu flest þeirra að lögum í lok ársins. Hér verður farið yfir helstu efnisbreytingar sem í þeim fólust.

Tekjuskattur einstaklinga. Ýmsar breytingar voru samþykktar á tekjuskattlagningu einstaklinga. Skatthlutfall ríkisins í skattþrepi 2 var lækkað um 0,5 prósentustig, eða úr 25,8% í 25,3% auk þess sem neðri tekjuviðmiðunarmörk þrepsins voru hækkuð sérstaklega í 290 þús.kr. á mánuði. Þá lækkaði hlutfall ríkisins í skattþrepi 1 um 0,04 prósentustig um leið og hámarksútsvar sveitarfélaga hækkaði um 0,04 prósentustig. Aftur á móti hækkar meðalútsvar í staðgreiðslu einungis um 0,02 prósentustig sem þýðir að svigrúm sveitarfélaga til hækkunar var ekki nýtt að fullu. Í eftirfarandi töflu koma fram helstu viðmiðunarstærðir tekjuskatts fyrir árið 2014 samanborið við árið 2013.

	2013	2014
Útsvar	14,42%	14,44%
Tekjuskattur þrep 1	22,90%	22,86%
Tekjuskattur þrep 2	25,80%	25,30%
Tekjuskattur þrep 3	31,80%	31,80%
Tekjuviðmiðunarmörk í þrepi 1, kr.	241.475	290.000
Tekjuviðmiðunarmörk í þrepi 2, kr.	498.034	494.619
Tekjuviðmiðunarmörk í þrepi 3, kr.	739.509	784.619
Persónuafsláttur, kr. á mánuði	48.485	50.498
Frítekjumark vaxtatekna, kr.	100.000	125.000
Frítekjumark barna yngri en 16 ára, kr.	100.745	180.000

Af fyrstu 290.000 kr. mánaðartekjum er reiknaður 37,3% tekjuskattur, af næstu 494.619 kr. er reiknaður 39,74% tekjuskattur og af fjárhæð umfram 784.619 kr. er reiknaður 46,24% tekjuskattur. Persónuafsláttur hækkar um 2.013 kr. á mánuði eða um 4,2%. Hér fyrir neðan eru dæmi um áhrif þessara breytinga á ráðstöfunartekjur einstaklinga og hjóna. Hjá einstaklingi með 350 þús.kr. tekjuskattsstofn eftir að búið er að draga frá iðgjald í lífeyrissjóð, aukast ráðstöfunartekjur um 3.766 kr á mánuði eða um 45 þús.kr. á ári. Ráðstöfunartekjur einstaklings með 550 þús.kr. tekjuskattsstofn aukast um 4.726 kr. á mánuði eða 56.716 þús.kr. á ári.

Einstaklingur	Desember 2013	Janúar 2014	Desember 2013	Janúar 2014
Tekjuskattsstofn	350.000	350.000	550.000	550.000
Útsvar	50.470	50.540	79.310	79.420
Tekjuskattur samtals	133.767	132.014	214.207	211.494
Persónufrádráttur	48.485	50.498	48.485	50.498
Tekjuskattur samtals	85.282	81.516	165.722	160.996
Ráðstöfunartekjur	264.718	268.484	384.278	389.004
Breyting á ráðstöfunartekjum, kr		3.766		4.726
Breyting á ráðstöfunartekjum, %		1,4%		1,2%
Aukning ráðstöfunartekna á ári		45.195		56.716

Ráðstöfunartekjur hjóna, þar sem tekjuhærri aðilinn er með 450 þús.kr. í tekjuskattsstofn og tekjulægri aðilinn er með 350 þús.kr. í tekjuskattsstofn aukast um 8.013 kr. á mánuði eða 96.151 kr. á ári og hjá hjónum, þar sem tekjuhærri aðilinn er með 750 þús.kr. í tekjuskattsstofn og tekjulægri aðilinn með 350 þús.kr. í tekjuskattsstofn, aukast ráðstöfunartekjur þeirra um 116.071 kr. á ári.

Hjón	Desember 2013	Janúar 2014	Desember 2013	Janúar 2014
Tekjuskattsstofn	800.000	800.000	1.100.000	1.100.000
Útsvar	115.360	115.520	158.620	158.620
Tekjuskattur samtals	307.754	303.768	428.414	422.768
Persónufrádráttur	96.970	100.996	96.970	100.996
Tekjuskattur samtals	210.784	202.772	331.444	321.772
Ráðstöfunartekjur	589.215	597.228	768.556	778.228
Breyting á ráðstöfunartekjum, kr		8.013		9.673
Breyting á ráðstöfunartekjum, %		1,4%		1,3%
Aukning ráðstöfunartekna á ári, kr		96.151		116.071

Nánari upplýsingar um tekjuskatt einstaklinga (<http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/nr/17503>).

Þær breytingar urðu einnig um áramót að frítekjumark barna yngri en 16 ára, hækkar í 180 þús.kr. á ári, en frítekjumarkið hafði ekki breyst síðan 2004. Ennfremur var frítekjumark vaxtatekna hækkað um 25 þús.kr. á ári, en sú breyting hefur ekki áhrif fyrr en á árinu 2015.

Engar breytingar voru gerðar á viðmiðunum barnabóta og vaxtabóta að öðru leyti en því að tekjuskerðingarhlutfall vaxtabóta var hækkað um 0,5 prósentustig, eða úr 8% í 8,5%. Sú breyting hefur þau áhrif að vaxtabætur til tekjuhærri fjölskyldna lækka í einhverjum tilvikum.

Að lokum er vert að nefna breytingu á skattlagningu arðsúthlutunar til starfandi hluthafa. Frá árinu 2010 hefur verið í gildi svokölluð 20/50 regla, en í henni fólst að ef heimil arðsúthlutun úr hlutafélagi eða einkahlutafélagi fór samtals yfir 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags taldist það sem umfram var til helminga laun og arður. Þessi regla gilti um þá sem bar að reikna sér laun sem starfandi hluthafar. Reglan hefur sætt mikilli gagnrýni eftir að hún var tekin upp, bæði fyrir að

vera flókin, en einnig fyrir það að stuðla að því að fyrirtæki skipti um rekstrarform eða hætti úthlutun arðs í þeim eina tilgangi að komast hjá því að beita reglunni. Í ljósi þess var tekin sú ákvörðun að fella þessa reglu brott, en samhliða því yrði farið í endurskoðun á reglum um reiknað endurgjald.

Tekjuskattur fyrirtækja. Hér er rétt að nefna tvær breytingar sem snúa að veigamiklum þáttum í tekjuskatti lögaðila.

Annars vegar eru ný ákvæði um milliverðlagningu ásamt skilgreiningu á tengdum lögaðilum og reglum um skjölun. Með lögfestingu þeirra verða leikreglur þeirra fyrirtækja sem eiga viðskipti við tengda aðila skýrari auk þess sem skattyfirvöldum verður heimilt að gera leiðréttingar á skattskilum tengdra aðila þegar verðlagning og/eða skilmálar í viðskiptum eða fjárhagslegar ráðstafanir þeirra eru frábrugðnar því sem ætla mætti að hefði verið í sambærilegum viðskiptum milli ótengdra aðila. Jafnframt er tekin upp skjölunarskylda vegna verðlagningar milli tengdra aðila þegar um er að ræða stór fyrirtæki (með árlega veltu eða heildareignir yfir 1 milljarði króna).

Hins vegar eru reglur um skattlagningu við samruna yfir landamæri, þar sem lögfest var sú breyting að við samruna hlutafélags yfir landamæri, við hlutafélög í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, verði lagður tekjuskattur á óinnleystan hagnað sem til hefur orðið hér á landi eins og verið hefur, en veittur allt að fimm ára greiðslufrestur á skattinum sé þess óskað. Með lagabreytingunni er komið til móts við dóm EFTA-dómstólsins sem kveðinn var upp þann 2. desember 2013, þar sem niðurstaðan var sú að íslenskar reglur um skattlagningu við samruna félaga brytu í bága við EES-samninginn. Þessi skattalega meðferð er í samræmi við þær reglur sem nágrannarríki okkar hafa lögfest, m.a. í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skattasniðgöngu.

Stimpilgjald. Ný lög um stimpilgjald fela í sér viðamiklar breytingar á núverandi gjaldtöku, m.a. með afnámi stimpilgjalds af lánsskjöllum, samhliða hækkun stimpilgjalds á skjöllum er varða eigendaskipti á fasteign eða skipum yfir ákveðnum stærðarmörkum. Fjallað var ítarlega um efni þessara nýju laga í nýlegu vefriti ráðuneytisins, <http://www.fjarmalaraduneyti.is/vefrit/nr/1752>.

Tryggingagjald og gjald í Ábyrgðasjóð launa. Ýmsar breytingar voru samþykktar á álagningu skatta/gjalda sem lögð eru á laun og hvers konar hlunnindi tengd vinnuframlagi. Er þar átt við tryggingagjald og gjald í Ábyrgðasjóð launa. Í heild lækka gjöldin um 0,1 prósentustig á árinu 2014, um 0,1% prósentustig til viðbótar á árinu 2015 og 0,14 prósentustig á árinu 2016, eða samtals um 0,34 prósentustig. Með þessum breytingum er allt að 4 milljörðum króna létt af íslensku atvinnulífi. Í eftirfarandi töflu kemur fram hver þróun einstakra gjaldhlutfalla verður miðað við nýlögfestar breytingar fram til ársins 2016. Nánari upplýsingar er einnig að finna í fréttatilkynningu ráðuneytisins <http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/nr/17503>.

Tryggingagjald	2013	2014	2015	2016
Tryggingagjald, almennt	5,29%	6,04%	6,04%	5,90%
Atvinnutryggingagjald	2,05%	1,45%	1,35%	1,35%
Markaðsgjald	0,05%	0,05%	0,05%	0,05%
Gjald í Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota	0,30%	0,05%	0,05%	0,05%
Gjöld lögð á tryggingagjaldsstofninn alls	7,69%	7,59%	7,49%	7,35%

Skattar á fjármálafyrirtæki. Veigamiklar breytingar voru gerðar á lögum um skattlagningu fjármálafyrirtækja undir lok árs 2013 sem koma til framkvæmda á þessu ári. Annars vegar var um að ræða lækkun á fjársýsluskatti, sem lagður er á laun, úr 6,75% í 5,5%, en sá þáttur

fjársýsluskattsins sem leggst á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 milljarð helst óbreyttur. Rétt er að nefna að fjársýsluskatturinn leggst einnig á tryggingafélög. Hins vegar er veruleg hækkun á sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki, eða svokölluðum bankaskatti, úr 0,041% í 0,376% af heildarskuldum þeirra í árslok. Jafnframt var skattstofninn breikkaður þannig að nú tekur hann líka til lögaðila í slitameðferð. Frískuldamark bankaskattsins er 50 ma.kr. Frekari umfjöllun um framangreindar breytingar mun birtast síðar í vefriti ráðuneytisins.

Aðrar breytingar, þ.m.t. gjaldskrárbreytingar. Nefskattar og krónutölugjöld hækka ekki sjálfvirkt í takt við verðlag og því þarf að gera á þeim verðlagsuppfærslu með lagabreytingu um hver áramót eigi þau að halda óbreyttu raungildi. Hækkunin milli 2013 og 2014 nemur 3%. Helstu gjaldskrárbreytingar á árinu 2014 eru sýndar í eftirfarandi töflu. Einnig má nefna að kílómetragjald hækkar um sama hlutfall.

	2013	2014
Bensíngjald		
almennt	24,46 kr	25,20 kr
sérstakt	39,51 kr (blýlaust)	40,70 kr (blýlaust)
Olúgjald	54,88 kr	56,55 kr
Kolefnisgjald		
gas- og dísilolía	5,75 kr	5,90 kr
bensín	5,00 kr	5,15 kr
brennsluolía	7,10 kr	7,30 kr
Jarðolúgas, annað loftkennt kolvatnsefni	6,30 kr	6,50 kr
Bifreiðagjald		
eigin þyngd ≤3.500 kg.	5.255 kr/126 kr	5.415 kr/130 kr
eigin þyngd >3.500 kg.	49.229kr/2,10kr/77.495kr	50.705kr/2,16kr/79.820kr
Tóbaksgjald		
vindlingar	439,83 kr	453,00 kr
neftóbak	14,42 kr	14,85 kr
annað tóbak	15,73 kr	16,20 kr
vindlingar - tollafgreiðsla	552,48 kr	569,05 kr
annað tóbak - tollafgreiðsla	27,62 kr	28,45 kr
Áfengisgjald		
Ól	91,33 kr	94,05 kr
Vín	82,14 kr	84,60 kr
annað áfengi	111,85 kr	115,20 kr
Raforkuskattur	0,126 kr	0,130 kr
Útvarpsgjald	18.800 kr	19.400 kr
Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	9.604 kr	9.911 kr

Aðrar breytingar sem rétt er að nefna eru eftirfarandi:

- Skilagjald á ökutæki hækkaði um 5.000 kr. eða í 20.000 kr.
- Skráningargjald í opinbera háskóla hækkar um 15.000 kr., í 75.000 kr. á árinu 2014.

Taka þarf fram að ráðuneytið er nú að vinna að endurskoðun á þeim gjaldskrárbreytingum sem hér hafa verið taldar upp í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. desember sl., til þess að minnka verðlagsáhrif þeirra.